

**Nd.**

**209. Breytingartillaga**

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

Nú telur ríkisstjórnin, að lög þessi kunni að brjóta í bága við milliríkjasamninga, og skal hún þá gera þær ráðstafanir, er hún álitur nauðsynlegar til þess að samrýma þá samninga ákvæðum laganna. Að því loknu öðlast löginn gildi, enda birtir ríkisstjórnin um það tilkynningu.